

Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2009

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 17 fundir á árinu 2009. Fjöldi umsókna og afgreiðsla þeirra var sem hér segir:

Samþykkt erindi frá fyrra ári, 2008	13
Fjöldi erinda um viðbætur/breytingar	15
Fjöldi nýrra umsókna 2009	74
Samþykkt	59
Vísað frá, heyrði ekki undir nefndina	2
Erindi sem bíða endanlegrar afgreiðslu	7
Erindi sem bíða umfjöllunar næsta árs	6

Samtals **102**

Nýjar umsóknir voru 74 en árið áður voru þær 93. Fjöldi nemendarannsókna helst nánast óbreyttur milli ára en fækkun er á rannsóknum meistara og doktorsnemenda svo og heilbrigðisstarfsmanna.

Meðalafgreiðslutími nýrra umsókna var eftirfarandi:

Frá móttöku umsóknar:	37 dagar
Frá umfjöllun um umsókn:	22 dagar

Vinnudagur siðanefndar var haldinn 5. nóvember. Þar var unnið að nýju umsóknareyðublaði og nýrri heimasíðu nefndarinnar. Nýtt umsóknareyðublað er komið á vefinn. Vænta má nýrrar heimasíðu í byrjun árs 2010.

Nefndarmönnum var boðið á ársfund Vísindasiðnefndar þann 19. febrúar 2009 og gerði formaður nefndarinnar Kristján Steinsson grein fyrir starfsemi ársins 2008.

Á árinu lét Kalla Malmquist af störfum á Landspítalanum og tók Eiríkur Örn sæti hennar sem aðalmaður. Tveir nýir varamenn voru skipaðir þær Ólöf Ámundadóttir sjúkrahjálpari í stað Eiríks Arnars og Eydís Sveinbjarnardóttir aðstoðarmaður framkvæmdastjóra hjúkrunar í stað Helgu Bragadóttur.

Nefndin kann öllu því góða fólki sem kvatt hefur nefndina bestu þakkir fyrir vel unnin störf fyrir siðanefnd í gegnum tíðina.

Nefndarmenn í árslok eru:

Kristján Steinsson yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Þórður Sigmundsson yfirlæknir, varamaður

Jón G Snædal yfirlæknir, tilnefndur af lækna ráði
- Sigrún Reykdal læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði
-Eydis Sveinbjarnardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Oddur Gunnarsson lögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn
-Dagrún Hálfánardóttir lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af
framkvæmdastjórn
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands
- Agnes Smáradóttir læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu
-Ástríður Stefánsdóttir dósent, varamaður.

Reykjavík, 4. febrúar 2010

Kristján Steinsson, formaður

Jónína Sigurðardóttir, forstöðumaður